

Væri kosti íslenzkra rithöfunda ekki eins þröugt og er, hefðu menn t. a. m. ekki tekið upp á þeim alveg afleita sið eða ósið, að vera að æfa sig á lúður og glymskratta, (ómannúðleg hjóðfæri), um það leyti morguns, sem sumir setningasmíðir mundu að öðrum kosti geta fengið eitthvað af ómissandi svefni, þá sæist sennilega í blöðum hér, ein og önnur hróðurgrein um vetrarútsýn frá Reykjavík. Það væri þess vert. Útsýnið af Skólavörðuholtinu um tvö í dag, til dæmis. Það var eins og sólinni væri sérstaklega annat um að skína á Esjuna, sem blakti við hið breiðasta, síðdegisróðin og sem silfurrend. Er slíkt stund til að skoða úr fjarska þína miklu smíð, því að fölið og hin lága sól, gera alla drætti svo skýra, alt kemur svo greinilega fram, hver stallur og hjalli, hvert belti og brún, hver geil og gilrák.

En seinna er það, sem tunglið tyllir sér á Esjukollinn, og er snöggvast, áður það hefjist upp í vetrarheiðið, líkt og einhver jöðunheima snjóknöttur að sjá, búinn til að bruna niður fjallið.

Eða þá Hengillinn. Hann er sannarlega ekki »hróðurs örverður«, þar sem hann stendur í frosti og fönn og minnir á nafn sitt. En þó sézt betur í annan tíma, þegar alsnjóa er, og skuggarnir blárri, vegna hvers Hengill var svo heitinn af þeim, sem kunnu svo að gefa örnefni, að þar hefir ekki verið við jafnast síðan.

2. des.

Mbl. 1915

Helgi Pjeturss.

Hrafninn.

Hrafn sá eg stjuga í gær og hafði kartöflu í nefinu. Alt í einu tók hann, með hægri kló, kartöfluna úr nefinu, og hélt þannig á henni nokkra stund. Tók hana síðan aftur með nefinu. Gerði hann þetta tvisvar sinnum eða oftast af mikilli list, ef til vill til að hvíla nefið. Hrafninn hefir stærri heila en flestir aðrir fuglar, og er ef til vill þess vegna óþolnari.

Er hér frá þessu sagt af því að það kann að verða til þess, að einhver taki þá fremur eftir silku, sér til gamans, og líka til nokkurs gagns. Því að það er nýtsamlegt að æfa efrirtekt sína, og þeir, sem mikið lesa eða skrifa, eða aðra nærsýnisvinnu stunda, geta nokkuð tafið fyrir því að þeir verði nærsýnir með því að venja sig á að horfa á það sem fjær er.

2. hóv.

Helgi Pjeturss.

Mbl. 7 no 1915